

„Að vita meira og meira“

Brot úr sögu almenningsfræðslu á Íslandi

í Þjóðarbókhöðunni
frá 22. maí til 31. ágúst 2008



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



KENNAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2008

Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Íslands, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Morgunblaðið, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, Héraðsskjalasafnið á Akureyri, myndir í einkaeigu

Að sýningunni standa:

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Kennaraháskóli Íslands

Kennarasamband Íslands

Verkefnisstjórn: Auður Styrkársdóttir, Emilía Sigmarsdóttir, Kristín Indriðadóttir, Sonja B. Jónsdóttir og Svanhildur Kaaber


Sýningarstjóri og ritstjóri sýningarskrár: Auður Styrkársdóttir

Ljósmyndasöfnun: Sigríður Bachmann

Hönnun sýningar og sýningarskrár: Sigríður Bragadóttir og Ingvar Víkingsson

Prentun sýningar: Sýningakerfi ehf

Prentun sýningarskrár: Prentmet ehf



Afmæliskeðja frá forseta Íslands

Fyrir hundrað árum höfðu Íslendingar um aldir verið meðal fátækustu þjóða í Evrópu, samfélag bænda og sjómanna sem þekkti fátt annað en erfiði og amstur, baráttuna fyrir daglegu brauði, glímuna við úfið haf og hamfarir náttúrunnar.

Sóknin til sjálfstæðis varð smátt og smátt hreyfiafl framfaranna. Forystusveitin sá í menntuninni lykil að nýjum tímum, aflvaka sem gefið gæti þjóðinni styrk til að öðlast fullan rétt á við aðra.

Fyrstu fræðslulögin og stofnun Kennaraskóla Íslands voru merkir áfangar á þessari braut, undirstöður sem treystu árangur á öllum sviðum.

Alþýða til sjávar og sveita átti kost á skólagöngu og kennarar urðu nýir áhrifamenn í byggðarlögum. Ár af ári skópu breytingarnar nýja sýn, opnuðu óþekktar víddir í hugum þjóðarinnar.

Menntunin hefur verið dýrmætasti orkugjafi Íslendinga, gert okkur kleift að komast í fremstu röð meðal þjóða heims. Fræðslulögin og Kennaraskólinn reyndust í þessum efnum kraftmikil virkjun.

Þegar 100 ár eru liðin frá upphafinu heiðrum við brautryðjendur og fögnum tækifæri til að öðlast innsýn í þessa margbrotnu sögu. Sýningin sem helguð er þessu tilefni birtir okkur afrek sem unnin voru í daglegri önn og hinn ótrúlega árangur kynslóðanna. En um leið er hún vegvísir fyrir framtíðina.





Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

Ávarp í tilefni sýningar á hundrað ára afmæli kennaramenntunar á Íslandi

Öld er nú liðin frá því að fræðslulög og lög um kennaramenntun voru sett á Íslandi. Þegar löggin voru sett var Ísland eitt fátækasta land Evrópu en er nú meðal þeirra efnameiri. Þar hefur menntun og hið góða starf kennara í skólum landsins sannað gildi sitt. Líkt og nú spurðu menn sig í upphafi nýrrar aldar spurninga um kjarna menntunar: Í hverju er menntun fólgin og hvernig er unnt að efla hana með hverjum og einum? Guðmundur Finnbogason leitaði svara við þessu í riti sínu Lýðmenntun sem kom út þremur árum áður en fræðslulöggin voru sett. Niðurstaða hans var að „menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra.“ Ég hygg að þetta sé kjarni menntunar enn í dag.

Á aldarafmæli þessara mikilvægu áfanga í menntasögu Íslendinga hefur Alþingi nú til umfjöllunar frumvörp sem fela í sér heildarendurskoðun löggjafar um skólamál og menntun kennara. Þar er lögð áhersla á að skapa skilyrði til menntunar ungs fólks í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum sem geri þeim kleift að vera virkir þegnar í þjóðfélagi nútíðar og framtíðar. Samhliða er stigið stórt skref í menntun kennara þar sem gert er ráð fyrir að lögfest verði að kennarar á öllum skólastigum skuli hafa lokið meistaraprófi. Nauðsyn er að efla menntun kennara svo þeir geti áfram stutt nemendur þeirra skólagöngu. Það er tímanna tákn að nú er í löggjöf fjallað um skólagöngu barna og ungmenna í hartnær tvo áratugi, frá 2ja ára til tvítugs í stað eins áratugar frá 10 ára aldri til fjórtán, fyrir 100 árum.

Ég þakka aðstandendum þessarar sýningar fyrir að veita okkur innsýn í þróun menntunar á Íslandi síðustu hundrað árin. Sýningin er okkur hvatning til íhugunar og styrkir vitund okkar um kjarna menntunar og hlutverk hennar í lífi okkar og starfi.

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands

Afmælistkveðja

Að ganga í skóla, læra og eiga samskipti við samnemendur sína og kennara er snar þáttur í lífi fólks. Kennarar bera meiri ábyrgð á því en nokkur annar hvernig nemendum vegnar í námi og skóla. Þeir smyrja nestið sem nemendur taka mér sér *úr* skólanum og skuldbinda sig til að hafa það jafnhollt og staðgott og þeim er unnt. Það er kærkomið að líta um öxl og taka ofan fyrir gengnum kynslóðum kennara. Það er gert með þessari glæsilegu sýningu sem tengist hundrað ára afmæli fyrstu fræðslulaga á Íslandi og stofnunar Kennaraskóla Íslands.

Um leið og við minnumst þeirra kennara sem kenndu og leiðbeindu börnum og unglingum fyrr á árum lifum við og hrærumst í skólamálum nútímans og gerum áætlanir um framtíðina. Starf kennarans er á hverjum tíma tenging á milli þess sem var, er og verður. Mikilvægt er að kennarar hafi þá sýn, þekkingu og ímyndunarafl sem þarf til að geta ferðast með nemendum sínum um liðin og ókomin ár, rannsakað samtímamann, víkkað út sjóndeildarhringinn, kveikt forvitni um önnur lönd í tíma og rúmi og dýpkað skilning á sögulegu samhengi. Ein af forsendum virkrar þátttöku í lýðræði er að þekkja rætur sínar og sjá fyrir sér framtíðina sem maður vill eiga hlutdeild í að skapa.

Kennarastarfið hefur breyst gegnum aldirnar en hlutverk kennarans er að grunni til hið sama og þegar Aristóteles, sem Mikael M. Karlsson kallar gjarnan Ara fróða fyrsta, kenndi Alexander mikla að skoða, njóta, kryfja til mergjar og efast. Kennarinn er leiðsögumaður nemandans og þegar vel gengur vinur hans, fyrirmynd og jafnvel bjargvættur.

Á þessari sýningu er sjónum beint sérstaklega að kennslukonum og er það vel. Þær kennslukonur eru ófáar sem með fordæmi sínu hafa kennt börnum að takast á við ósigra jafnt sem sigra og ganga keik áfram veginn að því loknu. Kennslukonur hafa oft verið í fararbroddi þeirra sem berjast af mestum móð fyrir jafnrétti og mannréttindum. Það er ekki amalegt að opna nestisboxið sitt í lok skólagöngu og komast að því að kennarinn hefur búið mann út með slíkt góðgæti.





Auður Styrkárstöttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands:

Aðfaraorð

Tilfni þessarar sýningar er að nú eru 100 ár liðin frá því að Kennaraskóli Íslands tók til starfa og sömuleiðis er öld liðin frá setningu fyrstu fræðslulaganna. Fræðsla barna og ungmenna var í örri þróun og víða hafði risið myndarlegt skólahúsnæði. Fyrsti skólinn sem enn starfar var settur á stofn á Eyrarbakka árið 1852 og í Reykjavík var byggður myndarlegur barnaskóli árið 1862 þar sem nú er lögreglustöð í Pósthússtræti, svo dæmi séu tekin. Með fræðslulögnum og menntun kennara var þessari þróun

settur ákveðinn rammi og öllum sveitarfélögum gert skylt að halda skóla fyrir börn og ungmenni 10-14 ára eða sjá þeim fyrir fræðslu. Foreldrum og forráðamönnum var líka gert skylt að senda börn sín í skóla eða sjá til þess að þau fengju kennara eða kennslu í einhverri mynd. Þar með lauk margra ára deilu milli þeirra sem töldu íslenskrri menningu best borgið með heimafræðslu og hinna sem töldu jafnvel almenningsfræðsluna aleflingu sálar- og líkamskrafta mannsins.

Skólahús spruttu upp út um allt land og sveitarfélögin réðu til sín kennara, annað hvort í skólana eða til farkennslu þar sem svo háttaði. Það er athyglisvert að konur urðu mjög snemma áberandi í stétt kennara. Hér veldur sjálfsagt að mikill skortur var á menntuðum kennurum og kvennaskólarnir þóttu veita mjög góðan undirbúning fyrir kennslu.

Sýning þessi er tileinkuð almenningsfræðslu á Íslandi í 100 ár. Vonlítið er að gera þeirri miklu sögu viðhlítandi skil með einni sýningu og hér hefur verið farin sú leið að láta ljósmyndir og lítinn texta tjá áhugaverð andartök úr þessari sögu. Hvort þetta eru „réttu“ andartökin fer nokkuð eftir smekk áhorfandans en vonandi vekur sýningin forvitni.

Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn standa sameiginlega að sýningunni og vilja þakka öllum þeim sem lögðu henni lið. Að öðrum ólöstuðum skal Lofti Guttormssyni sagnfræðingi þakkað sérstaklega en hann ritstýrir bókinni *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007* sem brátt kemur út. Ljósmyndir á sýningunni eru flestar fengnar úr þeirri bók og stuðst hefur verið við efni ritsins á marga vegu.

Sýningin hefur hlotið styrki frá mörgum aðilum og skal hér þakkað fyrir þá alla. Samstarfsfólki mínu við sýninguna flyt ég einnig bestu þakkir.

Loftur Guttormsson

Skólabylting 20. aldar

Að hundrað árum liðnum frá því að Íslendingar eignuðust sín fyrstu almennu barnafræðslulög er tilefni til að leiða hugann að þeim menntunarbreytingum sem hafa fylgt í kjölfarið, eðli þeirra og stefnu. Þessar breytingar eru gjarnan kenndar við menntabyltingu 20. aldar. Líklega væri þó sanni nær að kenna þær við *skólabyltingu* þar sem skólinn er sá almenni stofnunarfarvegur sem menntunarbúenslan hefur fallið í.

Ísland greinist frá öðrum löndum í Evrópu norðvestanverðri að því leyti að um miðbik 19. aldar voru þar ekki starfandi neindir barnaskólar né heldur aðrir skólar yfirleitt sem sinntu menntun almennings. Þessu veldur sjálfsgagt að miklu leyti fámenni og strjálbýli í torfæru-landi. En þetta ástand breyttist ört á síðasta fjórðungi 19. aldar samfara vexti þéttbýlis við sjávarsíðuna. Þá komust á fót barnaskólar í flestum þéttbýlisstöðum landsins án þess að nokkur lagskylda byði. Íslenski barnaskólinn birtist þannig sem óaðskiljanlegur fylgifiskur þeirrar þéttbýlismyndunar sem hófst fyrir alvöru á umræddu tímabili.

Í ljósi þessa má furða sig á hve það stóð lengi í ráðamönnum landsins að setja í lög ákvæði um skólaskyldu barna. Sem kunnugt er var slíkt ákvæði í barnafræðslulögunum 1907 bundið því skilyrði að svonefndur *fastur skóli* – eitthvert nýtilegt skólahúsnaði – væri í sveitarfélaginu. Önnur sveitarfélög máttu ákveða sjálf með hvaða hætti þau fullnægðu kröfu laganna um lágmarksþekkingu barna við 14 ára aldur. Flest hreppsfélög kusu að gera það með því að stofna til *farðennslu* en allmörg létu sitja við *heimafræðslu undir eftirliti*. Hér breyttist það eitt frá fyrri tíð að eftirlitið var ekki lengur á hendi sóknarprestsins heldur einhvers veraldlegs tilsjónarmanns.

Á öllu þessu tímabili, frá 1875–1925, var það eitt helsta ágreiningsefni í menntamálaumræðu landsmanna hvort losa ætti heimilun undan þeirri formlegu skyldu að veita stálpuðum börnum þá fræðslu sem tilskilin var í lögum. Þeir sem vildu halda í heimafræðsluhefðina höfðu ekki einasta rótróna vantrú á skólamenntun heldur álitu þeir hana vísasta veginn til að ganga að íslenskri alþýðumenningu dauðri; heimafræðslan hefði verið líftaug hennar í gegnum tíðina. Ákveðnustu talsmenn þessarar opin-skáu íhaldsstefnu voru þeir sem alist höfðu upp á stórum sveitaheimilum, svonefndum menningarheimilum.

MELASKÓLINN

SÍMI 13004 OG 17577



NOVEMBER 1962

Skólastjórn og Foreldraráð Melaskólans hafa orðið ásátt um að senda foreldrum skólabarna í Melaskólahverfi eftirfarandi umgengnisreglur:

1. Heimili og skóla ber að brýna stundvísi fyrir börnum.
2. Börn komi hrein, snyrtilega og hlýlega klædd í skólann og er óviðeigandi, að stúlkur komi í tíma í nælonsokkum eða sokkum úr svipuðu efni. Börnin skulu hafa með sér hentuga inniskó.
3. Viðleitni kennara og foreldra beinist að því að venja börnin á að ganga þrúðmannlega um skólann og utan hans og gæta varúðar í umgengni hvert við annað.
4. Ætlazt er til, að börnin fari út á leikvanginn í stundahléum, og þar mega ekki aðrir leikir fara fram en þeir, sem teljast hættulausir í margmenni. Börn eiga ekki að fara út af leikvangi í stundahléi.
5. Ákjósanlegt er, að börn hafi með sér nesti, einkum þau, sem eru allt að fjórum klukkustundum í skólanum, og er mjólk og smurð brauðsneið hið æskilegasta. Sælgæti og allar tegundir gosdrykkja eru bannaðar.
6. Brýna skal fyrir börnum að bera ekki á sér peninga í skólanum að þarfleysu.
7. Venja skal börnin á að hafa í skólatösku sinni aðeins þær bækur og þau skriffæri, er þau þurfa nauðsynlega að nota hverju sinni.
8. Merkið fót (einnig skófatnað). Reynt er að koma óskilamunum til skila svo fljótt sem auðið er. Venjið börnin á að vitja þeirra þegar í stað.

Ég kveð yður með ósk um gagnkvæman skilning og góða samvinnu.

SKÓLASTJÓRINN.

Melaskóli í Reykjavík lagði nemendum lífsreglurnar með þessu spjaldi árið 1962.

Á hinni langæju andskólastefnu í barnafræðslumálum Íslendinga má finna sögulegar skýringar eins og á flestum öðrum þjóðfélagsfyrirbærum. Hún studdist við aldalanga hefð og nærðist á hugsjóninni um sjálfsbjargarviðleitni einstaklinga og fjölskyldna – *sjálfsmenntunarbugsjóninni* – sem blandin

var andúð á stofnanaúrræðum og ríkisforsjá. Kringum 1930 voru allar þjóðfélagsaðstæður orðnar þessari stefnu mjög mótdrægar – meirihluti landsmanna búsettur í þéttbýli og sveitaheimili velflest vanburðug sem sjálfstæðar félags- og menningareiningar. Það sem framlengdi formlegt menntunarhlutverk þeirra var ekki svo mjög andskólastefnan *per se* sem vangeta almannavaldsins til að framfylgja í dreifbýlinu lögbundnum ákvæðum um skyldunám barna.

Nú er „Snorrabúð stekkur“ og Íslendingar löngu gengnir skólastefnunni á hönd – síður en svo eftirbátar grannþjóðanna í þeim efnum sé miðað við þann fjölda ára sem meðalgunna og meðaljón sitja á skólabekk, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Svo skilyrðislaust hafa Íslendingar gengið „núttímanum“ á hönd að *skólavæðinguna* má, við hliðina á

Frá 1995 hefur vöxtur í skólasókn verið órastur á leikskólastigi en nú sækja yfir 90% barna 3-5 ára leikskóla.





Þéttbýlismynduninni, kalla eitt gleggsta einkenni íslenskrar nývæðingar.

Nokkuð fram á 20. öld var skólaskylda þéttbýlisbarna, eins og hún var skilgreind að lögum í aldursárum, nokkuð gildur mælikvarði á umrædda skólavæðingu. Langflest skólabörn voru á aldursbilinu 10–13 ára. En kringum 1930 höfðu á mörgum þéttbýlisstöðum bæst við átta og níu ára börn, eins og heimild var fyrir í fræðslulögum frá 1926, og áratug síðar voru þessir aldursárgangar, að viðbættum sjö ára börnum, gerðir skólaskyldir að lögum. Á þessu varð ekki önnur breyting fram að setningu grunnskólalaga 1974 en sú að með fræðslulögunum 1946 var bætt einu aldursári ofan á fræðsluskylduna – henni lauk á því ári sem ungmenni urðu 15 ára, eftir átta ára skólasetu.

Þegar lagafrumvarp um grunnskóla var til umfjöllunar upp úr 1970 deildu menn ákaft um það hvort lengja ætti skólaskylduna um eitt ár, til 16 ára aldurs. En þegar hér var komið sögu voru skólaskylduákvæði að miklu leyti hætt að gilda sem mælistika á raunverulega skólasókn barna og ungmenna; allur þorri þéttbýlisbarna sóttu í reynd skóla á því aldursári sem deilt var um! Þetta er talandi dæmi um það sem gerðist í raun á síðari helmingi aldarinnar, bæði hvaða varðar skólasókn á þeim stigum sem nú eru kennd við framhaldsskóla annars vegar og leikskóla hins vegar. Skólasóknin hefur vaxið nokkuð jafnt og þétt nokkuð óháð því hvaða viðmið hafa gilt á hverjum tíma um skólaskyldu; hún lýtur m.ö.o. eins konar lífrænum vaxtarlögum sem endurspeglar aftur djúpstæðar breytingar á öðrum sviðum þjóðfélagsins, í atvinnulífi, fjölskyldumynstri, heimilishaldi o.þ.h.

Á því tímabili sem liðið er síðan lög voru sett um grunnskóla árið 1974 má greina tvo megin vaxtarbrodda í skólasókn á sviði almenningsmenntunar.¹ Sókn 16 og 17 ára ungmenna í framhaldsskóla jókst mest á árunum 1975–1995, á því tímabili sem flestir *fjölbrautaskólar* komust á fót. Frá 1995 að telja hefur svo vöxtur í skólasókn á sviði almenningsmenntunar verið örastur á því stigi sem síðan hefur kallast *leikskólastig*. Yfir 90% barna 3–5 ára sækja nú orðið leikskóla.

Nú er árafjöldi hvers uppvaxandi einstaklings á skólabekk næsta gróf mælistika á skólavæðinguna. Gildari viðmiðun er fjöldi kennslustunda t.d. í skyldunámi. Samkvæmt henni hefur skyldunámið á tímabilinu 1985–2005 lengst um hvorki meira né minna en helming (50%). Æ færri dagar hvers árs og æ minni hluti hvers dags vikunnar eru þannig undanþegnir skólavist!

Örðugt er að benda á eitt atriði öðru fremur sem hefur framkallað

Sókn ungmenna í framhaldsskóla jókst mjög á 7. áratug síðustu aldar í takt við hraðar þjóðfélagsbreytingar. Menntaskólinn við Tjörnina (síðar Menntaskólinn við Sund) tók til starfa í gamla Miðbæjarskólanum árið 1969.

¹ Tölur um skólasókn í þessari efnisgrein og hinni næstu eru fengnar hjá Jóni Torfa Jónassyni prófessor.

Þessa miklu og öru skólavæðingu. Um hug manna til hennar verður heldur ekki margt sagt með vissu; eins er óvíst að jákvæður hugur meðal almennings fylgi henni á öllu stigum. Róttækar þjóðfélagsbreytingar eins og stofnunarvæðing uppeldis og menntunar ganga yfirleitt ekki fram án þess að mörgum þyki eftirsjá í þeim venjum og gildum sem vilja um leið fara forgörðum. Ýmsum verður þannig spurn hver sé nú orðinn „réttur“ ungra barna til samvista við foreldra og aðra nánustu eða möguleiki einstaklingsins til þess að leggja rækt við eigin hugðarefni eins og hann skilur þau og skynjar í uppvextinum. Hér við bætist að netvæðingin, sem skólinn er fullgildur aðili að, herðir á tiskustraumunum og magnar áhrif þeirra. Mörg teikn eru um að forráðamenn uppeldis- og skólastofnana leiti nú leiða til að draga úr einstefnuáhrifum þeirra. *Einstaklingsmiðað nám* er á hvers manns vörum og skilur nokkuð hver sínum skilningi.

Það sem hamlaði lengi skólavæðingunni voru samgöngutálmar. Að sínu leyti hefur Netið – hin rafræna samskipatækni – upphafið landfræðilegar fjarlægðir og skapað öldungis nýja samskiptamöguleika, m. a. til náms og kennslu. Það er því ekki ófyrirsýnju að menn velta fyrir sér hvort fyrirbærið skóli muni ekki í náiinni framtíð gjörbreyta um merkingu. Nú þegar hefur *fjarnám* leyst staðnám meira og minna af hólmi á mörgum sviðum. Þeir sem gengið hafa upp á síðkastið í gegnum slíkar breytingar ættu að hafa góðar forsendur til að vega og meta áhrif þeirra á uppeldisstarfsemina, til góðs eða ills. Eða hvert skyldi verða inntak þess skóla, miðað við það sem fullorðnir Íslendingar hafa fengið reynslu af, þar sem milliliðalaus samskipti nemenda og kennara heyra fremur til undantekninga en hitt?

Vangaveltur sem þessar vekja hugboð um að við séum nú stödd við endalok þeirrar skólabyltingar sem setti svo áberandi mark á 20. öldina – á þröskuldi nýrrar menntabyltingar sem vandséð er hvert leiða kann.

Helgi Skúli Kjartansson

Verknámsdeildir gagnfræðastigsins

Með fræðslulögunum 1946 var skólum landsins í fyrsta sinn skipað í skólakerfi. Gagnfræðaskólar voru til áður, bæði gamlir og nýir, og gagnfræðadeildir við menntaskólana, en nú varð til gagnfræðastig skólakerfisins þar sem öllum ungmennum var ætlað að stunda nám. Tvö ár á gagnfræðastigi voru skyldunám en kostur á einu ári eða tveimur í viðbót. Þetta skipulag tók gildi smám saman eftir því hvenær sveitarfélögin voru reiðubúin, á þéttbýlisstöðum yfirleitt milli 1947 og 1952. Á gagnfræðastigi var nemendum ætlað val milli tveggja deilda, bóknámsdeildar og verknáms. Starf bóknámsdeildanna yrði líkt og tíðkast hafði í gagnfræðaskólum þéttbýlisins. Verknámsdeildirnar voru hins vegar nýmæli, tekið upp að erlendri fyrirmynd.

Um hlutverk verknámsdeilda gerðu menn sér nokkuð tvenns konar hugmyndir.

Sumir litu á þær umfram allt sem langþráð úrræði fyrir þá nemendur sem litlum tökum náðu á bóklegu námi og varð skólagangan þess vegna að kvöl og niðurlægingu. Til þess að þjóna þessum hópi, sem vafalaust myndi hætta í skóla við fyrsta tækifæri, áttu verknámsdeildirnar einkum heima á skyldunámsstiginu. Víst skipti máli hversu tækist til um verknámið sjálft en aðalatriðið var þó að kröfur til bóklega námsins yrðu nógu sveigjanlegar. Drög að námskrá frá 1948 spegla hugmyndir af því tagi. Verknámsnemum er þar ætlað minna námsefni en bóknámsdeildinni í íslensku og reikningi, og þó fleiri stundir til að komast yfir það, og í sumum greinum er lagt til að verknámsdeildin noti áfram námsbækur barnaskólanna.

Aðrir fyrirhuguðu verknámsdeildunum víðtækara hlutverk. Vissulega myndu þær ekki henta þeim takmarkaða hópi sem stefndi á landsprófsdeild og menntaskóla. Þær ættu hins vegar að hæfa unglingum sem ættu ekki endilega í vandræðum með bóklega námið en hefðu meiri áhuga á því verklega og nytu sín betur við það. Verknámsdeildirnar ættu að veita slíkum nemendum menntun við hæfi og búa þá um leið undir störf sem þjóðfélagið átti mikið undir. Þar á meðal störf sem kröfðust frekara náms, t.d. í iðnskóla eða sjómannaskóla, og yrðu því verknámsdeildirnar að veita þann bóklega undirbúning sem við ætti fyrir sérnámið.

Aldrei komust á verknámsdeildir við alla skóla gagnfræðastigsins, en



Margir líta á verknámið sem gott úrræði fyrir þá nemendur sem ná litlum tókum á bóklega náminu eða njóta sín betur í verklegu námi.

Þær fyrstu voru teknar til starfa 1948, margar bættust við kringum 1950 og nokkrar síðar. Sérstakur námstjóri sinnti verknámi á gagnfræðastigi og þá einkum verknámsdeildunum. Það var Magnús Jónsson, uppeldisfræðingur og kennari. Hann fór um Norðurlönd að ráði fræðslumálastjóra veturinn 1947–48 til að kynna sér verknám unglinga, kenndi síðan við verknámsdeild Gagnfræðaskólans á Akranesi og var skólastjóri Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík frá stofnun hans 1951.

Sem dæmi um öflugar verknámsdeildir má taka gagnfræðaskólana á Akureyri, Ísafirði og Akranesi. Þar voru verknámsdeildir fjölsóttar, höfðu á stundum um eða yfir helming af skyldunámsbakkjunum og margir héldu áfram í verknámsdeild til miðskóla- eða gagnfræðaprófs. Á Akureyri útskrifuðust fyrstu gagnfræðingarnir úr verknámsdeild 1951. Næstu árin skiptist skólinn nokkurn veginn til helminga í bóknáms- og verknámsdeild og svo seint sem 1974 komu 40 gagnfræðingar hans (af 123) úr verknámsdeildinni. Á Ísafirði lauk um skeið mikill meirihluti nemenda miðskóla- eða gagnfræðaprófi úr verknámsdeild. Á Akranesi var skipulagt vinnustaðanám sem svo er lýst í blaðfrétt:

Í vetur gerði skólastjórinn tilraun með að skipta verknámsdeild skólans niður á vinnustaði bæjarins í góðu samstarfi við atvinnurekendur. Stóð þetta verknám í rúman mánuð. Tveir drengir unnu í stað nokkurn tíma í senn en skiptu svo um. Unnu þeir í frystihúsi, við fiskaðgerð, við beitingu línu, á netaverkstæði, í vélsmiðju og niðursuðuverksmiðju.

Morgunblaðið 26. maí 1960, s. 17.

Þarna er aðeins talað um drengi því að fyrir stúlkur hafði verslunardeild leyst verknámsdeildina af hólmi.

Verknámsdeildir voru misjafnlega sérhæfðar. Lágmarkið var að grisja viðfangsefni bóklegu greinanna og bæta nokkrum vikustundum við handavinnuna (smíðar eða hannyrðir eftir kyni), sums staðar ásamt greinum eins og matreiðslu, sjóvinnu, bókbandi eða þjónustubrögðum (þ.e. umhirðu fatnaðar). En verklegu tímarnir urðu óvída mjög margir því að þeir voru tvöfalt dýrari en hinir, bæði vegna nauðsynlegs búnaðar og fámennari námshópa.

Verknámsdeildirnar í Reykjavík skáru sig úr með mikilli sérhæfingu og einbeitri áherslu á starfsnám og undirbúning undir iðnskóla eða sjómannaskóla. Á skyldunámsstiginu var engin verknámsdeild enda önnur úrræði þar fyrir þá sem réðu síst við bóknámið. Verknámsdeildir voru aðeins í boði síðari ár gagnfræðanámsins og um þær var stofnaður sérstakur skóli,



Gagnfræðaskóli verknáms (síðast til húsa í nýbyggingu við Ármúla, nú Ármúlaskóla). Hann starfaði í fimm deildum, kynskiptum eins og sjálfsagt þótti um verknám. Stúlkur gátu valið um hússtjórnardeild og saumadeild, piltar um sjóvinnudeild og tvær handverksdeildir, trésmíði eða málmgreinar. Helmingur kennslustunda var í verklegum sérgreinum hverrar deildar. Á móti var nokkrum bóklegum námsgreinum alveg sleppt en í þeim sem á annað borð voru kenndar var tímafjöldi og námsefni nákvæmlega eins og í almennu bóknámsdeildinni. Verknámsskólinn ætlaði ekki að laða til sín nemendur með því að slaka á námskröfum. Þó sótti þangað ár eftir ár um og yfir þriðjungur af nemendum 3. bekkjar gagnfræðastígsins.

Á sjöunda áratugnum fór gengi verknámsdeildanna dvínandi. Sókn jókst í langskólanám, einkum gegnum landsprófsdeildir, og þótti óráðlegt að unglingar með bærilega námsgetu lokuðu þeirri leið fyrir sér með því að velja verknámsbraut í skyldunámi. Í Reykjavík kom Iðnskólinn upp aðstöðu til verklegrar kennslu af líku tagi og Gagnfræðaskóli verknáms. Nýjar verslunardeildir gagnfræðaskóla kepptu við gömlu verknámsdeildirnar með námi sem nýttist ekki síður á vinnumarkaði. Einstaka verknámsdeildir voru enn starfandi þegar grunnskólalögin voru sett 1974. En þær tilheyrðu þá liðinni tíð og kom aldrei til greina að færa þær yfir í skólakerfi nútímans. Minning þeirra hefur ekki orðið fyrirferðarmikil í skólasögunni. Helst er þess getið að þær hafi starfað af vanefnum og einkum sem „tossabekkir“, athvarf þeirra sem mistókst við bóknámið. Sumar þeirra höfðu þó, a.m.k. um skeið, starfað af metnaði og verið eftirsótt námsbraut. Þúsundir fólks, sem nú er á sextugs- og sjötugsaldri, á minningar um nám og starf í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, minningar sem ekki á að fynast yfir í íslenski skólasögu.

Verknám hefur löngum setið á hakanum í íslenskum skólum fyrst og fremst vegna þess að það krefst meira fjármagns.


Ólöf Garðarsdóttir

Skólinn í tölum – nemendur í sveit og bæ í hundrað ár

Róttækar breytingar urðu á íslensku samfélagi á 20. öld. Þessar breytingar birtust bæði í hlutfallslegri fjölgun íbúa í þéttbýli og í breyttri atvinnuskiptingu þar sem þeim fjölgaði sem framfleyttu sér af fiskveiðum, iðnaði og þjónustu á kostnað landbúnaðar.

Um aldamótin 1900 bjó allur þorri Íslendinga í sveit eða fámennum sjávarplássum. Í Reykjavík voru íbúar tæplega 7.000 og segja má að þar hafi þá verið eina eiginlega þéttbýlið á Íslandi með 12% af íbúum landsins. Þéttbýlismyndun var hröð framan af 20. öldinni. Við upphaf síðari heimsstyrjaldar voru íbúar í bæjum með yfir 1.000 íbúa fleiri en þeir sem bjuggu í sveit eða fámennum þéttbýlisstöðum. Hlutfall íbúa í þéttbýli með fleiri en 1.000 íbúa fór yfir 80% um 1980 og er nú tæplega 90%.

Breytingar íslensks samfélags á 20. öld birtust líka í auknu vægi skólans í lífi barna og unglíngja. Fræðslulögin 1907 gerðu ráð fyrir fjögurra ára




skólagöngu en hundrað árum síðar var skólaskylda tíu ár. Framan af var mikill munur á skólagöngu barna og ungmenna eftir því hvar á landinu þau slitu barnsskónum. Þegar fræðslulögin 1907 tóku gildi sótti meira en helmingur íslenskra barna farskóla þar sem nemendahóparnir fylltu varla tuginn. Barnaskólinn í Reykjavík var eini fjölmenni skólinn á nútíma mælikvarða. Um miðjan 2. áratug aldarinnar voru nemendur þar raunar fleiri en í nokkrum skóla nú í upphafi 21. aldar eða rúmlega 1100 talsins. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að á þessum árum var Barnaskólinn í Reykjavík þrí- og stundum fjórsetinn.


Farskólinn var lífseigt fræðsluform og við lok síðari heimsstyrjaldar voru enn starfræktir um 120 farskólar á landinu. Þeim fækkað ört á sjöunda ártugnum og voru síðustu farskólarnir lagðir niður upp úr 1970. Með aukinni þéttbýlismyndun og bættum samgöngum í sveitum fækkað farskólabörnum jafnt og þétt. Árið 1920 sóttu um þriðjungur nemenda farskóla og 1940 féll hlutfallið niður fyrir 10%. Í sveitum tóku



Hlutfallslegur fjöldi skólabarna eftir skólagerð og fjölda nemenda 1967-1970



Nemendur eftir tegund skóla 1903-1990




fyrstu heimavistaraskólarnir til starfa um 1930. Hæst varð hlutfall barna í heimavistaraskólum á 7. áratugnum en þá voru um 8% allra nemenda í skyldunámi í heimavist.


Framan af var mikill munur var á lengd skóla milli strjálbýlla sveita og kaupstaða. Fræðslulögin 1907 gerðu ráð fyrir að skólaárið í sveitum væri að lágmarki tveir mánuðir en sex mánuðir í kaupstöðum. Munur milli sveita og kaupstaða var langlífur á Íslandi og raunar var ekki komið á algjöru jafnræði milli strjálbýlis og þéttbýlis fyrr en með lögunum 1991. Framan af var afar fátítt að börn í sveitum væru lengur en tvo mánuði á ári í skóla og eftir því sem á leið og lög gerðu ráð fyrir lengra skólaári var undanþáguákvæðum laga um lengd skólaárs oft beitt í strjálbýlustu sveitum landsins. Árið 1930 var rúmlega fjórðungur allra barna á landinu í skóla í færri en þrjá mánuði á ári. Eftir það dró ört saman með skólum í þéttbýli og dreifbýli. Fræðsluskýrslur frá lokum 8. áratugarins sýna þó að enn var talsverður munur á lengd skólarársins. Nær 90% allra barna í kaupstöðum voru í skóla í níu mánuði á ári. Slíkt heyrði aftur á móti til undantekninga í sveitum og kaптúnunum en þar voru einungis 10% grunnskólanema í skóla í níu mánuði. Algengast var að börn í sveitum og kaптúnunum væru í skóla í átta mánuði á ári.

Lengi vel kom munur á skólagöngu barna í þéttbýli og strjálbýli líka fram í því að kaupstaðabörnin voru yfirleitt talsvert yngri en sveitabörnin þegar

Lengd skólaárs 1920 og 1930



Skólaárið í kaupstöðum samanborið við sveitir og kauptún 1979-80




Þau byrjuðu í skóla. Sem fyrr segir náði skólaskylda framan af einungis til barna á aldrinum 10-13 ára og í sveitum landsins mun hafa heyrtil undantekninga að yngri börn væru í skóla. Skólaskylda var færð niður í 7 ára aldur með lögum 1936 en nokkrum árum áður hafði skólaskylda í nær öllum kaupstöðum landsins verið færð niður í 7 eða 8 ára aldur. Fyrir þann tíma mun ekki hafa verið óalgengt að 8 og 9 ára börn í stærstu kaupstöðunum væru send í skóla. Framan af átti þetta sér í lagi við um börn sem ólust upp í Reykjavík en nærri lætur að um helmingur 8 og 9 ára reykvískra barna hafi verið í skóla á fyrstu þremur áratugum aldarinnar.




Aðstæður í dreifbýlu sveitasamfélagi voru með þeim hætti að þar var ekki alltaf auðvelt að koma á föstu skólahaldi. Foreldrar á afskekktum bæjum áttu erfitt með að senda börnin frá sér allar þær átta vikur sem farskólinn var starfræktur. Þótt skólaskylda væri færð niður í sjö ára aldur með lögunum 1936 var ekki óalgengt að strjálbýl fræðsluhéruð sæktu um undanþágu frá þessu ákvæði. Hugmyndir manna um eðlilegt og æskilegt upphaf skólagöngu fóru þannig eftir því hvar menn voru búsettir. Þetta kemur glögg fram í athugun sem gerð var meðal kennara í aðdraganda fæðslulaganna 1946. Nær allir kennarar í þéttbýli töldu að rétt væri að börn hæfu skólagöngu við 7 ára aldur. Kennarar sem kenndu í föstum skólum í sveitum landsins voru aftur á móti þeirrar skoðunar að heppilegast væri að börn hæfu barnaskólanám við 8 ára aldur og þeir kennarar sem kenndu í heimavistarskólum vildu flestir að skólaganga hæfist við 10 ára aldur.

Hagtölur um skólasókn nú við upphaf 21. aldar sýna að fremur lítið fer fyrir þeim mikla mun sem lengi einkenndi skólagöngu barna í sveit og í bæ. Skólaskylda nær nú til barna á aldrinum 6-15 ára óháð búsetu þeirra. Hverfandi munur reynist vera á lengd skólaársins milli skóla og

Hlutfall barna yngri en 10 ára í skólum 1920-1936



Óskir barnakennara og skólanefnda um aldur við upphaf skólaskyldu í
aðdraganda laga um fræðslukerfi 1946



fræðsluumdæma. Upplifun barna af skólum fer þó vafalítið mikið eftir því hvort þau hefja nám í fjölmennum skólum í stórborg eða fámennum skólum í strjálbýlum sveitahreppum. En það er önnur saga.



Sérstakar þakkir:

Loftur Guttormsson
Helgi Skúli Kjartansson
Ólöf Garðarsdóttir
Jón Torfi Jónasson
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Ljósmyndasafn Íslands
Mínjasafn Reykjavíkur
Melaskóli
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi
Héraðsskjalasafnið á Akureyri
Námsgagnastofnun
Valgerður Björnsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Hólmfríður A. Árnadóttir
Helgi Bragason
Bergljót Aradóttir
Brynjar Ólafsson

Þakkir fyrir veitta styrki:

Ríkisstjórn Íslands
Barnasmiðjan ehf
Delta Kappa Gamma
Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf
Fylgifyiskar ehf
Bókaútgáfan Salka ehf
Hjallastefnan ehf
lestur.is
Pottagaldrar ehf
Þekkingarmiðlun ehf

